



SPOEX - Samtök psoriasis- og exemsjúklinga  
Bolholti 6 - 105 Reykjavík

Reykjavík, 29. febrúar 2024

Umsögn SPOEX um þingskjal 116, tillaga til þingsályktunar um umboðsmann sjúklinga.

SPOEX þakkar tækifærið til að gera umsögn um tillögu til þingsályktunar um umboðsmann sjúklinga og fagnar tillögunni. Við teljum að tillagan sé framfaraskref og er hún þörf og mikilvæg.

SPOEX telur því að með tilkomu umboðsmanns sjúklinga væri hægt að tryggja enn betur hagsmuni og réttindi sjúklinga og rödd sjúklinga skiptir máli. Heilbrigðiskerfið er að verða flóknara með hverju árinu og fólksfjölgun leiðir til meira álags í heilbrigðiskerfinu og er því til bóta að koma á fót embætti umboðsmanns sjúklinga sem getur varið réttindi sjúklinga ef þörf er á. Það getur reynst sjúklingum þungbært og erfitt að verja sjálf sína hagsmuni gagnvart heilbrigðiskerfinu ef þau telja að gengið sé á réttindi þeirra eða að á sér sé brotið.

Stjórn SPOEX vonar að málið fái greiðan og góðan framgang og er tilbúin til samráðs á öllum stigum málsins.

Virðingarfyllt,

Fyrir hönd SPOEX,

Arnþór Jón Egilsson  
Stjórnarformaður